

VIÐSKIPTABRÉFAREGLUR 60%

A. Krossaspurningar (10%)

1. Hvað af eftirtöldum skjölum er ekki viðskiptabréf?:

- Skuldabréf
- Víxill
- Farmskírteini
- Tryggingabréf

2. Hvaða fullyrðing er rétt?

- Víxilskuldari getur haft uppi sömu mótbáru gegn framsalshafa og upphaflegum eiganda víxilsins
- Ítarleg nýleg löggjöf fjallar um framsal skuldabréfa og réttindamissi þriðja manns
- Rekta-klásúla er skilyrði fyrir gildi viðskiptabréf
- Öll viðskiptabréf eru framseljanleg

3. Hvert eftirtalinnna atriða er skilyrði fyrir því að skuldari missi rétt til þess að hafa uppi mótbáru gagnvart aðila sem hefur fengið skuldabréf framselt?

- Bréfið sé ritað á löggiltan skjalapappír
- Framsalshafi sé grandlaus um mótbáruna
- Framsalshafi hafi verið grandlaus um mótbáruna þegar hann fékk bréfið framselt
- Framsalshafi sé algerlega grandlaus um samskipti skuldara við framseljanda bréfsins

4. Hver eftirtalinnna getur ekki verið reiknistofnun skv. lögum um rafræna eignarskráningu verðbréfa?

- Seðlabanki Íslands
- Glitnir banki hf.
- Reiknistofnun bankanna
- Sparisjóður Vestfjarða

5. Í hvaða tilviki öðlast maður réttindi yfir viðskiptabréfi með samningi í lifanda lífi (“inter vivos”):

- Með fjárnám í viðskiptabréfi
- Með kaupum viðskiptabréfs á nauðungarsölu
- Með framsali viðskiptabréfs til innheimtu
- Fyrir erfð

B. Lýsið muninum á meginreglunni um framsal almennra krafna og meginreglunni um framsal viðskiptabréfakrafna, og hver eru rökin fyrir sérreglu um viðskiptabréf? (15%)

C. Raunhæft verkefni (10%)

A gaf út skuldabréf til B. A greiddi B afborgun af skuldabréfinu án þess að B hirti um að færa kvittun á skuldabréfið. B framseldi síðar C skuldabréfið. Tveimur klukkutímum eftir að C var framselt skuldabréfið og hann fékk það í hendur barst honum vitneskja um framangreinda afborgun sem ekki hafði verið kvittað fyrir.

Kemst mótbára B um afborgunina að? Myndi það breyta niðurstöðunni ef málavextir hefðu verið þeir að B og C hefðu fyrst gert munnlegan samning um framsal bréfsins, en C hefði í raun ekki fengið það afhent fyrr en eftir að honum barst vitneskja um afborgunina?

D. Raunhæft verkefni (10%)

A gaf út skuldabréf til B að fjárhæð kr. 500.000. Bréfið var gefið út í formi nafnbréfs. Nokkrum vikum síðar ritaði B bréf til A, þar sem hann lýsti því yfir að hann gæfi A eftir kr. 400.000 af umræddu skuldabréfi. Ekki var ritað neitt um eftirgjöfina á skuldabréfið sjálft. C fékk síðar B með meiriháttar nauðung til þess að framselja sér bréfið með eftirfarandi áritun: “Framselt til handhafa, B”. C framseldi síðan D bréfið með því að afhenda honum bréfið. Þegar D innheimti skuldina hjá A, neitaði A að greiða meira en kr. 100.000 þar sem B hefði gefið eftir kr. 400.000 af fjárhæð bréfsins.

Kemst þessi mótbára að gagnvart D?

E. Raunhæft verkefni (10%)

Björn gaf út eyðuvíxil til tryggingar skuldum sínum við tóbaksverslunina Vindilinn hf. Björn er áhugamaður um kúbanska vindla og verslaði töluvert í reikning hjá Vindlinum. Björn lenti í miklum ógögnum í fjármálum sínum og greiddi ekki skuldina við Vindilinn, en hann taldi reyndar að hann ætti ekki að greiða nema helminginn af skuldinni, því hinn helmingurinn tengdist sendingu af gölluðum vindlum. Skuldin stóð þá í kr. 150.000. Vindillinn framseldi eyðuvíxilinn til viðskiptabanka síns, sem fyllti út víxillinn og krafði Björn um greiðslu kr. 150.000. Björn taldi sig ekki þurfa að greiða bankanum nema kr. 75.000.

Getur Björn komið að þeirri mótbáru að vindlarnir hafi verið gallaðir? En ef hann getur sannað að bankanum hafi verið ljóst að hann hefði gert athugasemdir vegna gallans við Vindilinn og krafist lækkunar á skuldinni?

F. Raunhæft verkefni (5%)

A gaf út skuldabréf til B. Bréfinu var stolið af B. Þjófurinn, C, framseldi síðan og afhenti D bréfið. D var ekki kunnugt um þjófnaðinn, þegar hann fékk bréfið framselt.

Getur B brigðað til sín bréfið? Hvaða þýðingu hefur form bréfsins?